

Möguleikar í fiskrækt og nýtingu veiðihlunninda í ám og vötnum í V-Skaftafellssýslu austan Mýrdalssands.

Frá árinu 1977 hefur Veiðimálastofnun gert rannsóknir á nokkrum ám og vötnum í Vestur-Skaftafellssýslu. Rannsóknirnar í ám hafa einkum miðast við að meta uppeldisskilyrði fyrir laxa- og silungaseiði og seiðapéttleika. Í stöðuvötnum er með tilraunaveiðum metið ástand fiskistofna viðkomandi vatns.

Skáftá og þverár.

Veiðimálastofnun hefur unnið að rannsóknum á vatnasvæði Skaftár árlega síðan 1983. Frá 1985 hafa rannsóknirnar verið styrktar af Framleiðnisjóði og hafa þær m.a. miðast að því að kanna lífshætti sjóbirtings. Skáftá er að miklu leiti jökulsá en helstu fiskgengu árnar á vatnasvæðinu, Fjaðrá, Geirlandsá, Þverá, Stjórn og Hörgsá eru dragár en Holtsá og Þverárvatn eru að miklu leiti lindár. Eins og í flestum ám í Vestur-Skaftafellssýslu er sjóbirtingur ríkjandi. Þar veiðast þó einnig bleikja og lax.

Flestar árnar á Skaftársvæðinu eru fremur efnasnauðar og kaldar. Uppeldissvæði í þveránum eru fremur takmörkuð vegna þess hversu fiskgengi hluti ána er stuttur og botngerð of fín fyrir stór seiði. Aðeins á efsta hluta fiskgengra svæða er grófgrýttur botn. Á neðri hluta ána eru víða góð hrygningarskilyrði.

Seiðarannsóknir hafa staðfest að urriða-/sjóbirtingsseiði eru ríkjandi í ánum. Fremur lítið hefur fundist af eldri urriðaseiðum. Laxaseiði hafa einna helst fundist í Geirlandsá.

Ófiskgeng svæði í Fjaðrá, Geirlandsá, Þverá og Þverárvatni hafa verið skoðuð með tilliti til nýtingar fyrir uppeldi seiða. Í Geirlandsá hefur stærð nýtanlegs svæðis á ófiskgenga hluta árinna verið metinn um 3,2 ha. sem gæti borið 15-20 þús. sumaralin seiði. Í Þverá eru nýtanleg svæði ofan fossa um 1,4 ha. og talið geta framfleytt 6-8 þús. sumaröldum seiðum. Í Fjaðrá eru um 2,1 ha. ofan fossa sem geta framfleytt allt að 11 þús. sumaröldum seiðum. Í Þverárvatni hefur nýtanlegur botnflötur ofan fossa verið metinn til 1.2 ha. og talið geta borið um 6 þús. sumaralin seiði. Í Holtsá eru uppeldissvæði rýr og ekki talið svara kostnaði að sleppa þar seiðum. Samtals eru könnuð nýtanleg svæði ofan fossa á Skaftársvæðinu um 7,9 ha. sem áætlað er að geti borið um 40-45 þús. sumaralin seiði. Í Geirlandsá og Þverá er mælt með að sleppt sé laxaseiðum en urriðaseiðum í Þverárvatn og Fjaðrá. Enn eru ókönnuð svæði í Þverárvatni Hörgsá og Stjórn. Ennfremur hafa þverár Skaftár ofan Holtsár ekki verið athugaðar.

Jafnframt uppeldis- og seiðarannsóknur hefur verið safnað hreistri og göngufiskur merktur. Starfsfólk og nemendur Kirkjubæjarskóla hefur og merkt fjölda sjóbirtinga. Rannsóknir á hreistri af göngusilungi hafa sýnt að flestir sjóbirtinganna eru 3-4 ára og 20-30 sm þegar þeir ganga í fyrsta sinn til sjávar. Sjóbirtingur dvelur að sumri í sjó og gengur á hverju hausti í árnar. Á Skaftársvæðinu verða flestir sjóbirtingarnir fyrst kynþroska eftir 2-3 sumur í sjó, þá 50-60 sm langir. Eftir það

hrygna þeir flestir á hverju ári og allt að 5 sinnum. Veiðst hafa sjóbirtingar allt að 20 pd þungir. Merkingar á kynþroska fiski benda til að meginreglan sé sú að þeir leiti á sínar "heimaslóðir" til að hrygna.

Á undanförunum árum hefur töluverðu magni urriða- og laxaseiða verið sleppt á vatnasvæðið. Megin áhersla hefur verið lögð á sleppingar ofan ófiskgengra fossa. Fylgst hefur verið með viðgangi seiðanna með rafveiðum á sleppistöðum. Laxaseiði sem sleppt var ofan fossa í Geirlandsá sýna ágætán þroska.

Grenlækur.

Grenlækur í Landbroti var athugaður 1977, 1979, 1983 og 1986-1988. Áin er lindá sem á upptök sín í Skaftáreldahrauni og Landbrotshrauni. Grenlækur er ágætis sjóbirtingsveiðiá en einnig veiðist þar staðbundinn urriði og bleikja og einstaka Lax. Grenlækur er frjósöm á. Hraungryti er víða í botni en sandburður takmarkar framleiðslu árinna einkum efst og neðst. Engir ófiskgengir fossar eru í Grenlæk. Í Jónskvísl, sem sameinast Grenlæk neðan Seglbúða, er hinsvegar foss sem er hindrun fyrir göngufisk. Jónskvísl er mun kaldari og rýrari til seiðauppeldis en Grenlækur.

Seiðarannsóknir hafa staðfest að urriða/sjóbirtingsseiði eru rikjandi og finnast í talsverðum þéttleika. Í Jónskvísl hafa einkum fundist bleikjuseiði en einnig sjóbirtingsseiði líklega frá sleppingum.

Eldvatn.

Eldvatn í Meðallandi hefur verið athugað 1985 og 1987. Eldvatn er vatnsmikil frjósöm lindá sem á upptök sín í hraunlindum. Í því eru engir ófiskgengir fossar. Botn er víða sandblendinn hraunbotn. Í efri hluti árinna eru uppeldisskilyrði fyrir seiði víða góð en skilyrði til hrygningar takmörkuð. Sandur rýrir uppeldis- og hrygningarskilyrði á neðri svæðum. Í Eldvatni veiðist sjóbirtingur, bleikja og lax. Veiði hefur dregist verulega saman á síðari árum. Við seiðaveiðar kom í ljós að bleikjuseiði voru víðast yfirgnæfandi. Stór hluti bleikjuseiða, 8,5 sm og stærri var kynþroska. Svo virðist að víða í vatnakerfinu sé að finna svæði sem eru þéttsetin kynþroska smábleikju.

Tungufljót.

Á Tungufljóti í Skaftátungum voru gerðar athuganir 1983. Tungufljót er hrein dragá sem á upptök sín í Svarthnjúksfjöllum. Veiddur er sjóbirtingur, bleikja og einnig lax en í litlum mæli. Fiskgeng svæði eru fremur rýr til uppeldis. Stór hluti árinna er ófiskgengur og hefur nýtanlegur botnflötur til uppeldis seiða þar verið metinn 9,6 ha. sem sleppa mætti á um 19.000 sumaröldum seiðum. Seiðaathuganir á fiskgenga hlutanum gáfu lítinn þéttleika. Mest fannst af urriðaseiðum en einnig laxaseiði. Einnig var athugaður árangur sleppinga á ófiskgenga hlutanum og virtist árangur lofa góðu.

Eins og sést á þessu yfirliti er sjóbirtingur ríkjandi tegund í flestum ám sem athugaðar hafa verið í Vestur-Skaftafellssýslu. Stangveiði er stunduð í mörgum ána en einnig netaveiði. Sjóbirtingur er veiddur á göngu sinni í árnar, síðsumars og haust, en einnig að vori þegar hann gengur á ný til sjávar. Yfir hásumarið er veiði lítil. Til að reyna auka tekjur af ánum hefur töluverðu magni laxaseiða verið sleppt í þær. Lax gengur fyrr í árnar en sjóbirtingur og gæti því brúað dauft tímabil í veiði að sumrinu. Árangur sleppinga hefur ekki verið sem skyldi. Þó er líklegt að aukin laxveiði síðari ár í Geirlandsá og e.t.v. fleiri ám sé tilkomin vegna sleppinga. Ljóst er að sjóbirtingsstofnar í þessum landshluta eru einstakir og þá þer að vernda. Sjóbirtingsgengd mætti enn auka með seiðasleppingum á ófiskgeng svæði. Einnig er vert að gera frekari tilraunir með sleppingu laxaseiða og sleppa þá eingöngu á ófiskgeng svæði. Þar má vænta betri árangurs af sleppingum ekki síst vegna minni samkeppni við náttúruleg urriðaseiði. Uppeldis- og hrygningarskilyrði mætti einnig bæta m.a. með því að aka mól og grjóti á valda staði.

Enn eru allnokkrar ár ókannaðar s.s. ofanverð Skaftá og þverár hennar og ár í Brunahrauni og Fljótshverfi.

Stöðuvötn

Nokkur stöðuvötn eru í byggð á svæðinu austan Mýrdalssands. Flest þeirra eru smá en fæst hafa enn verið könnuð. Víkurflóð í Landbroti var athugað 1986. Vatnið er grunnt og ca. 10 ha. að stærð. Úr vatninu fengust urriði og bleikja og reyndust í ágætum vexti. Ætlað er að veiða megi úr því um 200-300 kg á ári. Líklegt er að svipuð láglendisvötn megi flest nýta og kemur þá til greina netaveiði og stangveiði. Aukin eftirspurn eftir ódýrum stangveiðileyfum fyrir ferðafólk ætti að gefa möguleika á sölu stangveiðileyfa í vötnum og þá e.t.v. í tengslum við ferðapjónustu.

Á heiðum eru mörg vötn sem hafa enn sem komið er lítið verið rannsökuð. Flest þeirra eru á Skaftártungnaafrétti og mörg hafa samgang við Tungnaá. Til skamms tíma voru vötnin hrein urriðavötn. Á árunum 1965-1971 var sleppt bleikju í nokkur vötn á afréttinum. Nú eru þessi vötn þétt- eða ofsetin smárri bleikju og urriði nær horfinn. Gerðar hafa verið tilraunir til að grisja en gefið misjafnan árangur. Grisjun krefst oft gífurlegs veiðiálags og í djúpum og stórum vötnum getur hún verið óframkvæmanleg. Frá þessum sleppingum hefur bleikja borist á Veiðivatnasvæðið og er hún enn að auka útbreiðslu sína. Með rétttri nýtingu ættu þessi vötn að geta verið veiðieigendum búsilag en eins og að frama hefur verið lýst virðast sleppingar bleikju á svæðið hafa rýrt þau verulega.

Langisjór á Skaftártungnaafrétti er stærsta afréttarvatnið (27 km²). Það mun hafa verið fisklaust til skamms tíma en urriðaseiðum var slepp í það fyrir nokkrum árum. Ef sleppingar í Langasjó gefa árangur er líklegt að það geti gefið talsverðar tekjur í aðra hönd.

Klak- og eldisaðstaða er nú fyrir hendi í Eldisstöð Kristins Guóbrandssonar að Tungu skammt frá Kirkjubæjarklaustri. Grunnskólinn að Kirkjubæjarklaustri rekur nú stöðina. Rétt er að athuga hvort ekki megi nýta þá aðstöðu sem þar er til að ala og klekja seiðum sem ætluð eru til sleppinga í ár og vötn á svæðinu.

Hafbeit.

Á síðari árum hafa sleppingar á laxi í hafbeit á Íslandi aukist verulega. Árið 1987 var slegpt um 950 þús. seiðum og nú í ár er áætlað að slegpt hafi verið um 2.2 millj. seiðum. Til samanburðar má geta þess að áætluð náttúruleg framleiðsla í íslenskum ám sé um 600 þús. seiði. Hafbeit byggist á því að sjógönguseiði sem slegpt er skili sér á sleppistað 1 eða 2 árum síðar. Hafbeit er hægt að stunda í ám eða lönum sem hafa samgang við sjó. Hafbeit hefur þann kost fram yfir aðra fiskrækt að seiðin sem slegpt er eiga að ganga rakleitt til sjávar og er því beitt á hafið en ekki ána. - Á síðari árum hafa meðalheimtur frá hafbeitarstöðvum verið 6-8 %. Heildarheimtur af sleppingum í laxveiðiár hafa verið lægri eða að jafnaði 1-6 % en í stangveiði frá 0.1-1.5 %. Bestu heimtur í hafbeitarstöð hafa verið um 14 % og í laxveiðiá um 8 %. Talið er að endurheimtur í hafbeit frá hafbeitarstöðvum þurfi að vera a.m.k. 9 % til að þær standi undir rekstrarkostnaði. Í hafbeit sem miðast við að stangveiða endurheimtan lax er samsvarandi tala um 2 %.

Hafbeit hefur skilað bestum árangri á Suðvestur og Vesturlandi. Á Suðurlandi hefur hafbeit lítið verið reynd. Sjávarskilyrði eru hagstæð, en aðstæður á landi eru víðast erfiðar. Víða eru sandfjörur. Árnar hafa gjarna breytilega ósa og ósasvæðin eru oft grunn og víðáttumikil. Þetta á ekki hvað síst við um ár í Vestur-Skaftafellssýslu. Helst eru möguleikar þar sem lón eru nálægt sjó eins og í Holtsós. Hafbeit á laxi ofar í ánum kemur til greina og þá helst til að auka stangveiði.

Hafbeit með sjóbirting og sjóbleikju hefur ekki verið reynd að neinu marki hérlendis. Þar sem þessar tegundir eru í sjó aðeins nokkra mánuði yfir sumarið má reikna með að þær gefi betri % heimtur en lax. Á móti kemur að endurheimtir fiskar eru smærri og því færri kg að baki hverju % sem skilar sér. Niðurstöður merkinga á kynþroska sjóbirtings á vatnasvæði Skaftár gefa til kynna að ratvísi þeirra sé góð. Vísendingar eru um að ókynþroska fiskar leiti í aðrar ár en móðurána einkum ef vetrarskilyrði í móðurá eru óhagstæð. Hafbeit á sjóbirting og sjóbleikju eru kostir sem vert er að gera tilraunir með.

All.

All er víða að finna hér á landi ekki síst í lágsveitum á Suðurlandi. Álaveiðar hafa hinsvegar mjög lítið verið stundaðar. All er mjög góður til matar og fyrir hann fæst hátt verð og eftirspurn er mikil. Það er ljóst að víða er hægt að veiða ál en í hve miklum mæli er enn óljóst. Enn er möguleiki að veiða smáan ál sem síðar yrði notaður í eldi. Þar sem enn hefur ekki tekist að framleiða álaseiði í eldisstöð er álaeldi háð því að fá inn ál

úr náttúrunni. Þetta geta verið álaseiði nýkomin úr sjó (gléráll) eða stærri áll. Mjög lítið er vitað um glérálagöngur í íslensk vatnakerfi og er full ástæða er til að kanna þær betur. Líklegustu svæði í Vestur-Skaftafellssýslu austan Mýrdalssands til álaveiða eru Alftaver, Meðalland og Landbrot.

10. nóvember 1988

Magnús Jóhannsson
fiskifræðingur